

Eftirfarandi upplýsingar eru teknar af heimasíðu Umferðarstofu

5.4.2011

Öryggisbúnaður fyrir börn í bílum

Á hverju ári slasast yfir 20 börn, 6 ára og yngri, sem eru farþegar í bílum. Með góðum öryggisbúnaði hefði verið hægt að koma í veg fyrir mörg þessara slysa og draga verulega úr áverkum í öðrum.

Þegar barnabílstóll er festur í bíl er nauðsynlegt að það sé gert á réttan hátt. Þó barn sé í barnabílstól getur það slasast alvarlega eða látið lífið sé stóllinn ekki rétt festur. Mikið hefur áunnist varðandi öryggi barna í bílum og hefur slysum á þeim fækkað verulega síðustu árin. Góður öryggisbúnaður sem er rétt notaður skiptir þar höfuðmáli.

Öryggi barna er á okkar ábyrgð

Í 71. gr. umferðarlaga segir m.a.:

Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis, eða ásamt því, noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 150 sm á hæð. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal nota öryggisbelti fyrir barnið.

Barn sem er lægra en 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið.

Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað.

Í könnunum sem gerðar hafa verið við leikskóla víða um land síðan 1996 kemur í ljós að notkun öryggisbúnaðar hefur aukist ár frá ári. Það er þó áhyggjuefni að töluvert er um að börn noti öryggisbúnað sem hvorki hæfir þyngd þeirra né aldri.

Í nýlegri könnun kom í ljós að um 14% barna notuðu engan búnað eða einungis bílbelti sem er ófullnægjandi búnaður.

Notum bílbeltin - alltaf

Það eru margir sem halda að það sé allt í lagi að sleppa því að setja á sig öryggisbelti ef ökuhraðinn er lítill og vegalengdin stutt. Þetta er það algengur misskilningur að mikilvægt er að leiðrétta hann.

Hér á landi er til dæmi um að ökumaður var í lífshættu eftir árekstur á 50 km hraða vegna þess að hann notaði ekki öryggisbelti.